

# AUGLÝSING

## um námskrá fyrir endurmenntun ökukennara.

### 1. gr.

Með vísan til 1. og 3. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 36. gr. reglugerðar um ökuskrá nr. 830/2011 og til a-liðar 1. mgr. 66. gr., sbr. 6. mgr. 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, hefur innviðaráðherra staðfest námskrá Samgöngustofu fyrir endurmenntun ökukennara.

### 2. gr.

Námskráin sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 30. nóvember 2022.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

### Fylgiskjal.

## NÁMSKRÁ fyrir endurmenntun ökukennara.

### 1. Inngangur.

Í 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um starfsleyfi ökukennara til fimm ára að uppfylltum skilyrðum um starfstengd námskeið.

Út er komin námskrá sem staðfest er af innviðaráðherra og kveður á um markmið og fyrirkomulag endurmenntunarnámskeiða fyrir ökukennara. Í námskránni er fjallað um skipulag, markmið, námsþætti, tilhögun náms, hlutverk og skyldur námskeiðshaldara og leiðbeinenda, kennsluáðferðir og efnistöð námskeiða fyrir endurmenntun ökukennara.

Endurmenntunin á að tryggja að ökukennarar búi að þekkingu og færni til að kenna ökunemum í samræmi við gildandi lög og reglur um ökukennslu. Í endurmenntun skal rifja upp, endurnýja og bæta við þekkingu og færni sem nauðsynleg er í starfi ökukennara. Einnig skal taka mið af nýjungum í fræðum, reglum og tækni sem varða starf þeirra.

Ökuréttindaflokkar eru margir og starf ökukennara getur því verið margbreytilegt. Námskrá þessari er ætlað að koma til móts við þessa ólíku hópa og viðhalda og bæta faglega hæfni ökukennara með fjölbreyttum endurmenntunarnámskeiðum. Námskráin byggir á 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en þar kemur fram að ökukennarar skulu sækja starfstengd námskeið til að endurnýja starfsleyfi sitt. Ökukennarar þurfa að framvísa staðfestingu á að hafa lokið endurmenntun. Sýslumaður endurnýjar starfsleyfi ökukennara fyrir einn eða fleiri flokka þegar skilyrði um endurmenntun eru uppfyllt. Starfsleyfi ökukennara gildir í fimm ár, en þó ekki lengur en ökukennari hefur ökuréttindi.

Samgöngustofa skal gera samning við skóla á háskólastigi til fimm ára í senn um skipulag og framkvæmd endurmenntunar í samvinnu við Samgöngustofu. Endurmenntun getur einnig farið fram á námskeiði, sem ekki er á háskólastigi, en með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Endurmenntun skal taka mið af námskrá þessari sem ráðherra staðfestir.

### 2. Skipulag endurmenntunar.

Endurmenntunarnámskeið taka mið af námskrá um endurmenntun ökukennara og eru kennd við skóla á háskólastigi. Regluleg endurmenntun ökukennara getur einnig farið fram á námskeiði, sem þarf ekki að vera á háskólastigi, með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Í 35. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskrá nr. 830/2011 segir að fjöldi kennslustunda í endurmenntun verði að vera að minnsta kosti 16. Hver kennslustund er 45 mínútur og hvert námskeið hefur fimm ára gildistíma. Námskeiðshaldari skipu-

leggur nám og framkvæmd hvers námskeiðs fyrir sig í samráði við og með samþykki Samgöngustofu. Leitast skal við að hafa fjölbreytt val námskeiða sem mæta þörfum ökukennara.

Lengd námskeiða getur verið mismunandi eftir umfangi námsþátta. Að loknu námskeiði fá þátttakendur staðfestingu þar sem fram kemur nafn þátttakanda og námskeiðs ásamt stuttri lýsingu á innihaldi námskeiðs og fjölda kennslustunda.

Í lok námskeiðs skal námskeiðshaldari senda Samgöngustofu lista með nafni, kennitölu og netfangi þeirra sem luku námskeiði.

Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum.

Þjóða má upp á námskeið í fjarkennslu í rauntíma.

Námskeiðin enda ekki með prófi en þátttakendur þurfa að sýna 100% mætingu til að fá staðfestingu á þátttöku. Þátttakendur meta námskeið að því loknu.

Samantekt:

Ökukennarar skulu sækja 16 kennslustundir í endurmenntun á fimm ára fresti.

Viðurkenndur námskeiðshaldari gefur út staðfestingu að lokinni endurmenntun með tilgreindum fjölda kennslustunda fyrir hvert námskeið.

Fjöldi kennslustunda og lengd námskeiða getur verið mismunandi eftir umfangi námsþátta.

Hvert námskeið heldur gildistíma sínum í fimm ár. Þannig má dreifa námskeiðum eftir hentugleika á fimm ára gildistímabil starfsleyfis ökukennara.

Ökukennarar velja námskeið sem nýtist þeim best í ökukennslu.

### 3. Námsþættir í endurmenntun ökukennara.

Innihald og fræðsla í endurmenntun ökukennara skal miða að því að rifja upp, endurnýja og bæta við þekkingu og færni sem nauðsynleg er í starfi ökukennara. Mikilvægt er að taka mið af nýjungum í fræðilegum þáttum svo og reglum og tækni sem varða starf ökukennara.

Markmið endurmenntunar er að auka fagmennsku og hæfni ökukennara til að ná góðum árangri í ökukennslu. Meginmarkmiðið er að fá hæfari ökumenn út í umferðina og auka umferðaröryggi.

#### 3.1. Kennslufræði.

Ökukennarar skipa mikilvægan sess þegar kemur að umferðarmenningu, umferðaröryggi og mótun góðra ökunema. Mikilvægt er að ökukennarar sinni sínu starfi af alúð og samviskusemi. Þekking og gott vald á fjölbreyttum kennsluháttum er góð leið til að mæta ólíkum nemendahópum í því skyni að miðla þekkingu og leikni eftir námsþáttum. Ökukennarar þurfa að búa yfir færni til að skipuleggja ökukennsluna og útbúa kennsluáætlun út frá þörfum hvers og eins ökunema.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

þekkja helstu kennsluaðferðir sem nýtast í ökukennslu,

læra að nýta ólíka kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemendahópa,

geta meðal annars nýtt myndir og myndbönd í kennslu,

þeir séu færir um að útbúa kennsluáætlun fyrir ökukennslu.

#### 3.2. Mismunandi þarfir og fjölbreytileiki ökunema.

Mikilvægt er að ökukennarar séu meðvitaðir um helstu sérþarfir og greiningar sem ökunemar þeirra geta haft og koma fram í náminu og að þeir öðlist þekkingu til að geta betur mætt ólíkum hópum á árangursríkan hátt.

Námsörðugleikar geta verið margs konar og komið fram með ýmsum hætti. Ökukennarar þurfa að vera meðvitaðir um þá og hvernig best er að mæta þörfum ökunema með námsörðugleika í ökukennslu.

Þeir sem ekki geta ekið hefðbundinni bifreið vegna fötlunar, hafa möguleika á að stunda ökunám og fá réttindi á sérútbúna bifreið. Ökukennarar þurfa að kynna sér helsta hjálparbúnað sem í boði er fyrir sérútbúnað bifreiðar og fylgjast með þróun hans. Þeir þurfa að þekkja ferlið frá því að ákvörðun er tekin um að aka bíl og til þeirrar stundar þegar ökuskírteini og sérútbúinn bíll er í höfn. Ökukennarar þurfa einnig að kynna sér aðkomu einstakra sérfræðinga í því ferli, svo sem lækna og tæknifólks.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
geta lagt mat á ólíkar þarfir ökunema í ökukennslu,  
hafa skilning á mismunandi námsörðugleikum ökunema og geta mætt þeim af skilningi og þekkingu,  
þekkja réttindi og möguleika fólks með fötlun í ökunámi.

**3.3. Vinnuumhverfi ökukennara.**

Vinnuumhverfi og vinnuaðstaða ökukennara eru mikilvægir þættir sem nauðsynlegt er fyrir ökukennara að vera meðvitaða um. Ökukennarar þurfa að þekkja góða líkamsbeitingu út frá því vinnuumhverfi sem þeir búa við og helstu vinnutengda áhættuþætti sem geta leitt til skertrar starfsgetu. Þeir þurfa að geta greint starfsumhverfi sitt og hvernig komast má hjá og draga úr vinnutengdum áhættuþáttum sem geta komið niður á heilsu og starfsgetu ökukennara.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
þekkja góða líkamsbeitingu í sínu vinnuumhverfi,  
þekkja helstu vinnutengda áhættuþætti sem geta valdið skertri starfsgetu og/eða haft neikvæð áhrif á heilsufar,  
þekkja hvaða úrbætur eru í boði til að draga úr heilsufarslegum áhættuþáttum,  
þekkja fjölþætt úrræði vegna skertrar starfsgetu og aðkomu helstu heilbrigðisstétta.

**3.4. Fagmennska ökukennara.**

Það er mikilvægt að ökukennarar sinni sínu starfi af fagmennsku og heilindum. Ökukennarar þurfa, með fagmennsku að leiðarljósi, að mennta hæfa og ábyrgja ökumenn með jákvætt viðhorf til annarra vegfarenda. Markviss samskipti og góð kennsla stuðla að markvissu námi og aukinni hæfni ökunema.

Á ökukennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til ökunema heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva gleði og efla sjálfstæði þeirra og öryggi í akstri. Ökukennarar leiðbeina ökunemum í ökunámi og vinna að því að þeir tileinki sér góða aksturshætti í umferðinni. Þeir leitast við að skapa gott, jákvætt og hvetjandi umhverfi og að vinna að jákvæðu viðhorfi til ökunáms, aksturs og umferðaröryggis.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
vita hvað átt er við með fagmennsku í starfi og tileinka sér hana í ökukennslu,  
gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem faglegir stjórnendur,  
sjá mikilvægi í að skapa jákvætt og hvetjandi námsumhverfi,  
gera sér grein fyrir skyldum sínum við að miðla þekkingu og leikni í akstri,  
hafa þekkingu á rannsóknnum og þróunarstarfi tengdu ökukennslu,  
vera meðvitaðir um mikilvægi trúnaðar og góðrar framkomu við ökunema,  
gera sér grein fyrir mikilvægi miðlunar upplýsinga til ökunema,  
vera meðvitaðir um mikilvægi eftirfylgdar við ökunema, þar til þeir hafa lokið ökunámi,  
gera sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta kennslutímana vel,  
tileinka sér ábyrgð, nærgætni og tillitssemi.

**3.5. Umferðarsálfræði.**

Ökukennarar þurfa að vera meðvitaðir um mannlega þætti sem áhrif hafa á umferðina. Þessir þættir eru meðal annars skynjun, hegðun í umferðinni, viðhorf og persónuleiki, sálrænar orsakir umferðarslysa og andlegir og líkamlegir þættir sem geta haft áhrif á ökumenn. Ökukennarar þurfa að þekkja samhengi milli aðstæðna, ökutækis og mannglegra þátta með tilliti til umferðaröryggis. Þeir þurfa að búa yfir þekkingu til að skilja eðli skynjunar og hvernig viðhorf og tilfinningar tengjast hegðun í umferðinni. Ökukennarar þurfa að geta nýtt þá þekkingu til að fræða ökunema um mikilvægi þess að taka tillit til óvarinna vegfarenda svo og áhættuhópa og gera sér grein fyrir almennum orsökum umferðarslysa.

Ökukennarar þurfa að þekkja áhrif skynfæra á akstur og færni og hvernig skynfæri tengjast til dæmis athygli, umferðarlestri, áhættuskynjun og skynvillum.

Þeir þurfa einnig að þekkja áhrifaþætti sem tengjast vitundarástandi, svo sem skertri athygli, svefni og þreytu og notkun áfengis- og vímuefna. Einnig þurfa þeir að þekkja hvernig þessir þættir tengjast hegðun og viðbrögðum í umferðinni með tilliti til sjálfvirkra viðbragða, viðbragðstíma og áhættuhegðunar.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þekkja samhengi milli aðstæðna, ökutækis og mannlegra þátta,
- þekkja sálræna og líkamlega þætti með tilliti til umferðaröryggis,
- kunna að nýta sér sálfræðilega þekkingu til að skilja eðli skynjunar og viðbrögð manna við ýmsar aðstæður,
- gera sér grein fyrir að viðhorf og tilfinningar tengjast hegðun í umferðinni,
- vera meðvitaðir um áhrif svefns, þreytu, notkunar áfengis og vímuefna á hæfni til aksturs.

### 3.6. Námskrár er lúta að ökukennslu og umferð.

Námskrá er rammi um ökunám og ökukennslu og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn yfir ökukennslu og útfærir nánar hvað felst í lögum og reglugerðum um ökunám. Námskráin er ætluð þeim er koma að ökunámi. Einnig veitir hún nemendum, forsjáraðilum þeirra, opinberum aðilum, aðilum í atvinnulífnum og almenningi upplýsingar um ferli ökunáms og þætti sem tengjast því. Til að ökukennarar geti sinnt starfi sínu af fagmennsku er mikilvægt að þeir þekki þær námskrár sem eiga við hverju sinni í þeirra kennslu. Ökukennarar þurfa einnig að þekkja mismunandi flokka ökunáms, ökuskóla, námskeið vegna sviptinga, endurmenntunarnámskeið og fleira.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- vita hvar hægt er að nálgast námskrár fyrir hina ýmsu réttindaflokka í ökunámi,
- vera færir um að tileinka sér efni námskráa við skipulag á ökukennslu,
- gera sér grein fyrir tilgangi námskráa,
- átta sig á tengingu námskráa við lög og reglugerðir,
- geta tileinkað sér efni námskráa í faglegru vinnu sem ökukennarar.

### 3.7. Tækniframfarir í samgöngum og bíltækni.

Hugtakið fjórða iðnbyltingin vísar til tækniframfara undanfarinna ára og þess sem er í vændum. Þar er aðallega átt við gervigreind, róbótatækni, sjálfvirknivæðingu, þar með talið farartækja, og fleira sem mun líklega valda víðtækum samfélagsbreytingum á næstu árum og áratugum. Ein af tækni-framförum er meðal annars rafdrifnar bifreiðar, sjálfvirknivæðing og þróun sjálfkeyrandi bifreiða. Stöðugt er verið að vinna að því að auka öryggi í umferðinni og minnka umhverfisáhrif.

Mikilvægt er að ökukennarar og ökukennsla sé í takt við tækninýjungar hvers tíma og að ökukennarar séu upplýstir um hvernig nýta má tæknina í ökukennslu. Einnig þurfa ökukennarar að vita hvaða lög og reglur gilda um þennan búnað og tækni í kennslunni. Með þeim hætti geta ökukennarar tryggt að kennslan haldist í hendur við helstu framfarir og þróun sem verður á sviði samgöngutækja.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þeir séu meðvitaðir um þá þróun og framfarir sem eiga sér stað á sviði samgöngutækni,
- þekkja helstu nýjungar í bifreiðum,
- átta sig á hvernig nýjungar tengjast ökukennurum og ökukennslu,
- þekkja hvaða reglur og lög gilda um kennslubifreiðar.

### 3.8. Aldraðir í umferðinni.

Með aukinni velmegun eldast Íslendingar og ökumennirnir einnig. Umferðin er orðin meira krefjandi og vandasamari en hún var og því er mikilvægt fyrir ökumenn að hafa snörp viðbrögð og öflug skynfæri til að komast á milli staða. Með aldrinum skerðist sjónin og hægist á viðbragði. Regluleg læknisskoðun er nauðsynleg og mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvort skert sjón, heyrn og snerpa séu farin að hafa áhrif á aksturshæfni.

Samkvæmt umferðarlögum hafa ökuskírteini þeirra sem orðnir eru 60 ára styttri gildistíma við endurnýjun og mikilvægt er að ökukennarar þekki gildistíma ökuréttinda. Sýslumaður getur farið fram á próf í aksturshæfni samkvæmt 4. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 við endurnýjun ökuskírteinis. Ökukennarar þurfa að vita hvernig próf í aksturshæfni fer fram og hverjir þurfa að sækja það. Einnig þurfa þeir að þekkja helstu tákntölur sem koma fram í ökuskírteinum og takmarkanir sem varða ökuréttindi. Þeir þurfa að vita hvað reglugerðir og umferðarlög segja um afturköllun ökuréttinda hjá eldri ökumönnum og auk þess að geta gert sér grein fyrir hvort þörf sé á endurmenntun fyrir eldri ökumenn, hvort kynjamunur sé á akstri eldri ökumanna og hvort lyfjanotkun eldri ökumanna hafi áhrif á aksturshæfni.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
þekkja lög og reglur er gilda um ökuréttindi eldri ökumanna,  
hafa innsýn í heim eldri ökumanna,  
þekkja helstu áhættuþætti sem tengjast eldri ökumönnum,  
vera upplýstir um hvað sé til ráða ef grunur leikur á að eldri ökumaður sé ekki hæfur í akstri,  
þekkja leiðir sem farnar eru til að meta hæfni eldri ökumanna,  
vera meðvitaðir um mikilvægi endurmenntunar fyrir eldri ökumenn,  
þekkja hvaða leiðir eru í boði varðandi takmarkanir á akstri eldri ökumanna.

### 3.9. Bókhald og rekstur.

Ökukennsla fer oft fram í formi sjálfstæðs atvinnurekstrar sem rekinn er á kennitölu ökukennara. Slíkur rekstur krefst kunnáttu og þekkingar á bókhaldi og á lögum sem gilda um hann. Honum fylgja ákveðnar skyldur hvað varðar skatta og opinber gjöld. Gott er fyrir ökukennara að hafa þekkingu á hvernig hægt er að nýta forrit og tölvutækni í bókhaldsvinnu og hvernig best er að háttá bókhaldi og sjálfstæðum atvinnurekstri.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
vita hvaða lög og reglur gilda um bókhald og sjálfstæðan atvinnurekstur,  
vera meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart lögum og reglum,  
nota bókhaldskerfi sem hentar sjálfstæðum atvinnurekstri,  
geta fyllt út reikninga á löglegan og réttan hátt,  
þekkja hvernig best sé að geyma gögn og upplýsingar.

### 3.10. Umferðarlög, reglugerðir og ökukennsla.

Ökukennarar þurfa að vera vel kunnugir atriðum laga og reglugerða er lúta að bifreiðum og ökuréttindum. Þeir þurfa að þekkja sérstaklega vel þau lög og reglugerðir sem tengjast akstri og umferð. Góð þekking á reglugerð um ökuskírteini er mikilvæg fyrir ökukennara. Þeir þurfa að þekkja helstu þætti hennar sem snúa að starfi ökukennara ásamt helstu breytingum sem hafa verið gerðar á reglugerðinni, sem og umferðarlögum, er lúta að ökukennslu. Auk þess þurfa þeir að vita hvaða heilbrigðis- og aldursskilyrði umsækjendur um ökuskírteini verða að uppfylla.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:  
hafa þekkingu á umferðarlögum og reglugerðum,  
geta leitað hagnýtra upplýsinga um ökukennslu og ökuskírteini í lögum og reglugerðum,  
hafa þekkingu til að lesa í réttindaflokka og tákntölur ökuskírteina,  
vita hvaða skilyrði eru sett fyrir umsókn um ökuskírteini.

### 3.11. Ökuréttindi og ökuskírteini.

Frá því að útgáfa ökuskírteina hófst hér á landi hafa mismunandi réttindi fylgt almennum ökuréttindum fyrir B flokk. Ökukennarar þurfa að þekkja hvað felst í almennum ökuréttindum sem ökumenn hafa með tilliti til breytinga sem orðið hafa á reglugerð um ökuskírteini. Þeir þurfa að þekkja ökuskírteinið vel og kunna að lesa út úr þeim upplýsingum sem þar má finna. Þeir þurfa að þekkja helstu tákntölur og réttindaflokka auk þess að þekkja hvað felst í auknum ökuréttindum og réttindum til aksturs í atvinnuskyni. Þeir þurfa að þekkja gildi erlendra ökuskírteina hér á landi og hvaða skilyrði

þarf að uppfylla til að fá gefið út íslenskt ökuskírteini í stað erlends. Einnig þurfa þeir að þekkja rafrænt umsóknarferli og helstu nýjungar á því sviði.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þekkja hvaða réttindi eldri ökuskírteini veita,
- þekkja helstu ökuréttindaflokka og hvaða ökuréttindi þeir veita,
- vita hvað algengustu tákntölur standa fyrir,
- þekkja hvaða skilyrði gilda fyrir akstur í atvinnuskyni,
- þekkja hvaða reglur gilda um erlend ökuskírteini.

### 3.12. Áfengi og önnur vímuefni.

Samkvæmt umferðarlögum skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna því ökutæki sem hann fer með. Akstur undir áhrifum áfengis eða vímuefna er ein af algengustu orsökum banaslysa í umferðinni og því mikilvægt að ökukennarar séu meðvitaðir um mikilvægi fræðslu og viðhorfsmótunar verðandi ökumanna. Þeir þurfa að þekkja helstu áhrif áfengis og fíkniefna á aksturs-hæfni. Þeir þurfa að þekkja helstu lög, reglur og viðurlög varðandi akstur undir áhrifum áfengis og vímuefna. Þeir þurfa að þekkja námskeið vegna akstursbanns og sviptinga á bráðabirgðaökuskírteini og sviptinga ökuréttinda á fullnaðarökuskírteini.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þeir séu meðvitaðir um áhrif áfengis og annarra vímuefna á akstur,
- þekkja afleiðingar aksturs undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna,
- þekkja ákvæði laga og reglna um akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna,
- hafa þekkingu á þeim áhrifum sem viðhorfsmótun hefur á unga ökumenn,
- þekkja inntak námskeiða vegna akstursbanns eða sviptinga ökuréttinda.

### 3.13. Vistakstur.

Með vistakstri (e. Eco Driving) má bæði draga úr mengun og spara fé. Auk þess stuðlar vistakstur að öruggari og þægilegri akstri. Markmið vistaksturs er einkum tvíþætt: Í fyrsta lagi að draga úr mengun við akstur og í öðru lagi að spara kostnað með því að haga akstri þannig að ökutæki nýti sem best þann orkugjafa sem það notar.

Til að ná sem bestum árangri hvað snertir vistakstur þarf ökumaðurinn að sýna fyrirhyggju og vera meðvitaður um aksturslag sitt, draga úr orkunotkun og þar með mengun út í umhverfið.

Ökukennarar þurfa að geta gert ökunema meðvitaða um hvernig þeir geti tileinkað sér hagkvæmari og umhverfisvænni notkun á því farartæki sem þeir aka. Einnig þurfa þeir að geta farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á orkunotkun með ökunumum.

Til að geta miðlað þekkingu til ökunema er mikilvægt að ökukennarar þekki hugmyndafræði vistaksturs og hvernig þeir geta lágmarkað orkunotkun og umhverfismengun. Með góðri þekkingu á þessum þáttum geta allir bílstjórar tileinkað sér hagkvæmari, öruggari og umhverfisvænni akstur.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- kunna skil á blendisbifreiðum og þeirri grundvallarhugmyndafræði sem liggur að baki þeim,
- þekkja virkni rafbifreiða og öryggisþætti þeirra,
- þekkja helstu orkugjafa s.s. jarðefnaeldsneyti, metanól, vetni og rafmagn,
- þekkja helstu tækninýjungar í bifreiðum til að draga úr umhverfismengun,
- geta greint hvaða þættir í akstri menga og hvernig er hægt að sporna við þeim,
- vita hverjir eru kostir vistaksturs.

### 3.14. Skyndihjálp.

Ökukennarar þurfa að þekkja þætti skyndihjálpar og aðkomu á slysavettvangi, sérstaklega við aðstæður sem geta skapast í tengslum við umferð. Þeir þurfa að þekkja undirstöðuatriði sem gilda í skyndihjálpar og hvað þarf að hafa í huga við aðkomu að slösuðum og/eða veikum einstaklingum. Þeir þurfa að þekkja orsakir meðvitundarleysis og viðbrögð við því. Þeir þurfa að þekkja leiðbeiningar um

endurlífgun fólks í mismunandi aldurshópum og geta framkvæmt verklegar æfingar til að æfa þessa þætti. Þeir þurfa að þekkja mismunandi áverka, þ. á m. sár, brunasár, höfuð-, háls- og hryggáverka, meðhöndlun þeirra og hvaða umbúðir henta hverju sinni. Þeir þurfa að þekkja einkenni losts, hvaða hættumerkjum þarf að bregðast við og hvernig best er staðið að því. Þeir þurfa að þekkja bráðatilfelli tengd veikindum svo sem heilablóðfalli, brjóstverkjum, astma, sykursýki og flogi svo eitthvað sé nefnt og greiningu á þeim tilfellum. Auk þess þurfa þeir að þekkja einkenni ofnæmis, bráðafnæmis, eitrana, kals og ofkælingar.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þekkja undirstöðuatriði í skyndihjálpi,
- vita hvað þarf að hafa í huga þegar komið er að slösuðum eða veikum einstaklingi,
- þekkja orsakir meðvitundarleysis og hvernig bregðast eigi við því,
- endurlífga fólk í mismunandi aldurshópum,
- læra um hina ýmsu áverka og hvernig búa skuli um mismunandi sár,
- þekkja helstu einkenni og viðbrögð við bráðatilfelli tengd veikindum og ofnæmi.

### 3.15. Ökuskólar/ökugerði.

Ökukennarar þurfa að hafa góða þekkingu á fræðilegu og verklegu námi sem fer fram í ökuskólum sem miðla þekkingu og móta viðhorf þeirra sem vilja afla sér ökuréttinda fyrir alla ökuréttindaflokka. Þeir þurfa að þekkja námskrár/kennsluskrár ökuskóla og hvaða möguleikar standa til boða í netnámi. Ökukennarar þurfa að fá innsýn í þá þekkingu sem nauðsynleg er til að gera bílstjóra örugga og meðvitaða um eigin ábyrgð og ætlað er að móta viðhorf ökumanna.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þekkja fræðilegt og verklegt nám sem fer fram í ökuskólum,
- þeir séu færir um að lesa úr kennsluskrám ökuskóla,
- vita hvaða möguleikar standa til boða í netnámi,
- þekkja starfsemi ökuskóla/ökugerða.

### 3.16. Verklegt ökunám, tæknimál og akstursæfingar.

Verkleg þjálfun í ökunámi fyrir alla flokka ökuréttinda skiptir sköpum þegar kemur að umferðaröryggismálum. Meginmarkmið með ökukennslu er að fá hæfa og góða ökumenn út í umferðina, en þar skiptir starf ökukennara meginmáli. Mistök í umferðinni geta valdið miklu tjóni á ökumanni, farþegum og öðrum vegfarendum. Þáttur ökukennara í mótun og þjálfun ökunema er mikilvægur. Ökunemar þurfa að vera meðvitaðir um ábyrgð sína og vera færir um að aka af öryggi og geta nýtt sér þann öryggisbúnað sem í boði er. Ökukennarar þurfa að leggja áherslu á að auka færni sína í verklegri kennslu þar sem m.a. er lögð áhersla á tæknimál, nýjungar og akstursæfingar. Mikilvægt er að ökukennarar þekki námskrár, bóklega/verklega kennslu, tæknimál og akstursæfingar í öllum flokkum ökuréttinda.

*Hæfniviðmið:*

Ökukennarar skulu geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað sér til að:

- þjálfna og endurmennta ökumenn á sviði verklegrar ökukennslu,
- hagnýta sér akstursæfingar í verklegri kennslu og endurmenntun,
- auka þekkingu ökunema í tæknimálum bifreiða,
- hafa hagnýta þekkingu á kraftafræði í tengslum við bifhjól, bifreiðar, vörubifreiðar, hóp-bifreiðar, dráttarvélar og akstur þeirra,
- þjálfna ökumenn í akstri bifhjóla, bifreiða, vörubifreiða, hóp-bifreiða og dráttarvéla.